

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi Akureyri



Dags eftirlits	9.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing, Krossanesi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannesson	Staðsetning	540523,65 578809,711

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Krossanesi, Akureyri. Heimilt er að geyma allt að 25.000 m³ af olíu í stöðinni og allt að 6.000 m³ af bensíni. Þá er heimil móttaka á allt að 1.000 tonnum af úrgangsolíu í stöðinni á ári. Í stöðinni eru geymd bensín, DMA, flotaolía, gasolía, lífdísel og úrgangsolía. Starfsleyfið gildir til 17. ágúst 2036.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 en ein ábending var sett fram er varðar skráningu á mánaðarblöð. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Alls tíu geymar eru í notkun á stöðinni í Krossanesi. Kominn er tími á botnþykktarmælingu á einum geymi nú í ár, merktum 600.14.00 en aðrir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum skv. gr. 4.3 í starfsleyfi.

Allar löndunarlagnir skulu þrýstiprófaðar nú í ár, en þær voru síðast prófaðar árið 2019.

Mæling var gerð, bæði í olíu og bensínþró árið 2022 með Macherey-Nagel olíuprófi og stóðust þær prófunina. Olíuskilja og sandgildirur eru þjónustaðar reglulega, eða að meðaltali einu sinni í mánuði. Sandgildra og niðurföll voru síðast hreinsuð þann 6. október sl. af Verkvali ehf. Sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður er í skiljum.

Áfyllingaplan er olíuhelt og tengt olíuskilju og loki lekavarnarþróar stóð lokaður er eftirlitið var framkvæmt.

Undantöppun allra geyma er veitt í bamba og látin setjast þar. Olíunni er síðan dælt aftur inn á geymana en vatnið er látið leka niður í niðurföll og út í gegnum olíuskiljur.

Spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar og komið til skila til Terra.

Löndun olíu er sameiginleg með Gallon ehf. og er landað að meðaltali einu sinni í mánuði. Ekki var farið að löndunarbúnaði á bryggju að þessu sinni en aðstaðan var skoðuð þann 19. apríl sl. Var svæðið þá snyrtilegt á að líta og engar athugasemdir gerðar þar um.

Gufuendurnýtingarbúnaður stöðvarinnar (VRU) var síðast yfirfarin daganna 28. og 29. mars sl. af Luveba s.a., en mælingar voru ekki gerðar. Mælingar eru fyrirhugaðar í ágúst nk. og sendir rekstraraðili skýrslu með niðurstöðum mælinga þegar hún berst til rekstraraðila.

Afstöðumynd af birgðastöð, flæðirit og viðbragðsáætlun eru aðgengilegar upp á vegg í starfsmannaáðstöðu stöðvarinnar. Farið var yfir skráningar í rekstrarhandbók skv. gr. 4.1 í starfsleyfi og engar ábendingar settar fram þar um. Starfsleyfið var til staðar í rekstrarhandbók ásamt öryggisblöðum skv. REACH, kvittunum v. hreinsunar olíuskilja, þjálfun starfsmanna og öðrum gögnum sem við eiga. Allar áætlanir sbr. kröfum í starfsleyfi er að finna í rafrænum

grunni rekstraraðila.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar og búið er að uppfylla kröfur eftirlitsaðila um að hvert og eitt starfsleyfi rekstraraðila hafi sér tryggingaskírteini.

Gengið var um stöðina, lekavarnir, lagnir, geymar og brunnar við olúskiljur voru sjónskoðaðir. Fellihlið stóð lokað þegar að var komið og girðingar voru heilar og í lagi. Stöðin var öll snyrtileg á að líta.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 30.05.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Arnadóttir